

Verði sektir samkvæmt dómi þessum eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu hans, skal ákærði sæta 3 mánaða varðhaldi.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun og kostnað skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, skal greiða 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og 4.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 3 mánaða varðhaldi.

Botnvarpa m/s Falds, VE 138, með tilheyrandi dragstrengjum skal vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1980.

Nr. 53/1980. **Sigurður Ólafur Kristinn Þorbjarnarson**
 gegn
Lúther Garðari Sigurðssyni.

Kærumál. Óskipt bú. Krafa um búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1980, sem barst Hæstarétti 26. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og **synjað** verði kröfu varnaraðilja um, að dánarbú Svövu Klöru

Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar og sóknaraðilja verði tekið til opinberra skipta nú þegar. Þá krefst hann þess, að málskostnaður fyrir skiptaréttinum verði látinn niður falla, en sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal staðfest endurrit af bréfi skiptaráðanda í Reykjavík til varnaraðilja, dags. 20. september 1977. Með bréfi þessu fylgdi afrit af leyfi því, sem skiptaráðandi veitti sóknaraðilja sama dag til setu í óskiptu búi, svo og ljósrit af hinni sameiginlegu erfðaskrá, sem á var rituð yfirlýsing varnaraðilja um, að hann veitti samþykki sitt til setu eftirlifandi makans í óskiptu búi.

Fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram af hálfu varnaraðilja, að hann hafi verið ófjárráða, þegar hann ritaði samþykki sitt á erfðaskrána 1958.

Skiptaráðandi kvað ekki upp formlegan úrskurð um þá ákvörðun að heimila sóknaraðilja setu í óskiptu búi eftir eiginkonu sína. Ef sóknaraðili vildi ekki una greindri ákvörðun skiptaráðanda, sem honum var tilkynnt um þegar í stað, átti hann þess kost að bera fram mótmæli sín án ástæðulausrar tafar og krefjast þess, að skiptaráðandi legði úrskurð á beiðni varnaraðilja um leyfi til setu í óskiptu búi og mótmæli sóknaraðilja við henni. Síðan mátti kæra þann úrskurð til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Getur skiptaráðandi ekki nú, er sóknaraðili hefur setið í óskiptu búi í meira en tvö ár, breytt fyrri ákvörðun sinni vegna þess, að ekki hafi verið farið rétt að við könnun laga-skilyrða til að verða við beiðni sóknaraðilja um búsetuleyfi.

Gögn málsins sýna, að sóknaraðili hefur haft fyrirætlanir um að skipta hinu óskipta búi og greiða varnaraðilja móðurarf hans. Ósannað er hins vegar, að hann hafi skuldbundið sig til að láta skipti fara fram fyrir 1. desember 1979 eða annan tiltekinn tíma. Verða kröfur varnaraðilja ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar enn fremur með því, að sóknaraðili „hafi eytt því fé, sem hann hefur fengið greitt úr dánarbúi föður síns, kr. 9.120.000, í neysluparfir sínar“. Af þessari staðhæfingu verður þó engan veginn ályktað, að sóknaraðili hafi rýrt efni hins óskipta bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða annars veitt tilefni til þess, að óttast megi slíka rýrnun, svo sem áskilið er í 1. mgr. 15. gr. erfðalaga. Og þar sem ekkert er komið fram um þetta, er ekki fullnægt skilyrðum nefnds ákvæðis erfðalaga til þess, að varnaraðili geti krafist opinberra skipta í búinu nú þegar.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og synja kröfu varnaraðilja um búskipti nú þegar, en eins og málið er lagt fyrir dómstóla, verður ekki í því lokið dómsorði á það, hvort hinu óskipta búi skuli skipt samkvæmt 2. mgr. 14. gr. erfðalaga.

Málskostnaður fyrir skiptarétti á að falla niður, en dæma ber varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað kröfu varnaraðilja, Lúthers Garðars Sigurðssonar, um, að dánarbú Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar og sóknaraðilja, Sigurðar Ólafs Kristins Þorbjarnarsonar, verði tekið til opinberra skipta nú þegar.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en varnaraðili greiði sóknaraðilja 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 27. febrúar 1980.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. febrúar 1980. Sóknaraðili, Lúther Garðar Sigurðsson, Asparfelli 6, Reykjavík, krefst þess, að nú þegar verði tekið til opinberra skipta dánarbú móður hans, Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn, og félagsbú hennar og föður sóknaraðilja, Sigurðar Ólafs Kristins Þorbjarnarsonar, Barmahlíð 12, Reykjavík.

Varnaraðili, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, hefur krafist „sýknu af framkominni kröfu um, að búin verði tekin til opinberra skipta, en til vara, að sýknað verði að svo stöddu“. Um málskostnað hefur hann gert þá kröfu aðallega, að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að móðir sóknaraðilja, Svava Klara Hansdóttir Isebarn, eiginkona varnaraðilja, lést 14. mars 1977. Þau hjónin höfðu hinn 19. september 1958 gert sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, þar sem m. a. segir: „Það er ennfremur vilji okkar, að það, sem lengur lifir, sitji áfram í óskiptu búi svo lengi sem það óskar eða unz það deyr“. Neðan við undirritun hjónanna undir erfðaskrá þessa hefur sóknaraðili í máli þessu undirritað svohljóðandi texta: „Ég undirritaður, Lúther Garðar Sigurðsson . . . samþykki, að foreldrar mínir . . . hvort þeirra sem lifir hitt, sitji áfram í óskiptu búi svo lengi sem það óskar eða unz það deyr, enda mun ég ekki gera kröfu um búskipti fyrr. Odense, Danmörk 1958. Lúther Garðar Sigurðsson.“ Varnaraðili ritaði skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, dagsett 7. september 1977, þar sem hann sótti um leyfi til setu í óskiptu búi eftir hina látnu eiginkonu sína. Í bréfi þessu eru almennar upplýsingar um búið, og fylgdi því hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þeirra hjónanna. Niðurlag bréfs þessa er svohljóðandi: „Lúther Garðar hefur áritað samþykki sitt á erfðaskrána um heimild að þess okkar (sic) sem langlífari yrði, til setu í óskiptu búi, þannig að lagaskilyrðum er fullnægt að þessu leyti . . .“. Skiptaráðandinn í Reykjavík gaf hinn 20. september 1977 út leyfi til handa varnaraðilja til setu í óskiptu búi. Ekki verður séð, að aflað hafi verið nýrrar yfirlýsingar frá sóknaraðilja um, að hann samþykkti setu föður síns í óskiptu búi, heldur segir í leyfisbréfinu, að sóknaraðili hafi með áritun á sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá foreldranna samþykkt búsetuna.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 3. desember 1979, krafðist lögmaður sóknaraðilja þess fyrir hönd skjólstaðings síns, að ofangreint bú yrði tekið til skipta nú þegar með vísun til 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, þar sem veruleg hættu væri á því, að varnaraðili færi á þann hátt með fjármuni bú síns, að hagsmunum sóknaraðilja væri í hættu stefnt.

Dómarinn hefur ítrekað leitað sátta í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur, og hefur málið því verið rekið sem sérstakt skiptaréttarmál.

Málsástæður sóknaraðilja eru þær, að ekki hafi mátt heimila varnaraðilja setu í óskiptu búi á grundvelli samþykkis sóknaraðilja, sem ritað hafi verið á sameiginlega og gagnkvæma arfleisluskrá foreldra hans á árinu 1958. Ekki sé víst, að hann hafi verið orðinn fjárráða, er samþykkið var ritað á skrána, en hann hafi orðið fjárráða 26. júní 1958. Leyfið hafi verið veitt u. þ. b. 19 árum eftir að þessi áritun hafi átt sér stað. Þá er því haldið fram af sóknaraðilja, að varnaraðili hafi þegar samþykkt að skipta búi þessu. Loks er því haldið fram, að varnaraðili hafi eytt af fjármunum búans í neysluþarfir sínar kr. 9.120.000 af arfi, sem varnaraðilja hafi tæmst úr dánarbúi föður hans. Þessa fjárhæð hafi varnaraðili fengið greidda upp í væntanlegan arfshluta sinn, en skiptum á því búi sé ekki enn lokið. Arfur þessi sé hluti af hinu óskipta búi. Sé veruleg hættá á, að varnaraðili muni eyða því fé, sem hann eigi þar í vændum, með svipuðum hætti, ef hann fái það í hendur.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að er móðir hans hafi fallið frá, hafi forsendur hans fyrir umræddu samþykki verið brostnar. Á árinu 1958 hafi foreldrar hans engar eignir átt umfram þær, sem beinlínis hafi verið notaðar til framfærslu og daglegs viðurveris. Á árinu 1977 hafi aðstæður verið orðnar gerbreyttar. Félagsbúi foreldra hans hafi hinn 11. júlí 1975 tæmst arfur eftir föðurafa sóknaraðilja og liggja fyrir, að sá arfur nemi tæplega kr. 27.000.000. Á árinu 1977, er móðir sóknaraðilja féll frá, hafi föður hans átt að vera í lófa lagið að greiða sóknaraðilja út arf eftir hana, án þess að það hefði haft í för með sér hina minnstu röskun á högum hans.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið bent á, að skiptaráðandi sé vanhæfur til að fara með mál, þar sem fjallað sé um það, hvort hann hafi réttilega gefið út leyfi til setu í óskiptu búi. Ekki hefur þó komið fram krafa um, að dómariinn víki sæti í málinu.

Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu bréf, sem Skúli J. Pálma-son hæstaréttarlögmaður hefur ritað hinn 16. október 1979 sem lögmaður varnaraðilja til lögmanns sóknaraðilja. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Svo sem þér er kunnugt, hefur umbj. m. Sigurður O. K. Þorbjarnarson lengi haft í hyggju að skipta búi sínu og greiða Garðari syni sínum út móðurarf hans, þegar skiptum lyki á dánarbúi Þorbjörns Jónssonar föður hans . . .“. Í bréfinu er síðan rakið, hvernig skipti á umræddu dánarbúi Þorbjarnar Jónssonar hafi gengið fyrir sig og að þess sé vænst, að skiptum megi ljúka fyrir 1. desember 1979. Sóknaraðili heldur því fram,

að í bréfi þessu komi fram, að varnaraðili hafi fyrir löngu verið búinn að lofa því að skipta búi sínu með sóknaraðilja og hafi sóknaraðili mátt búast við því, að þeim skiptum yrði lokið fyrir 1. desember 1979.

Loks hefur sóknaraðili haldið því fram, að varnaraðili hafi eytt verulegum fjármunum í neysluþarfir sínar og eftir atvikum núverandi sambýliskonu sinnar og því krafist skipta á búinu nú þegar með vísun til 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því byggð, að undirritun sóknaraðilja á erfðaskrá foreldra hans feli í sér „ . . . meira en samþykki til setu í óskiptu búi, það er bindandi yfirlýsing eða aðild að þríhliða samkomulagi, þar sem hann skuldbindur sig til að „gera ekki kröfu um búskipti“, fyrr en lengur lifandi foreldri óskar ekki að sitja í óskiptu eða það fellur frá . . .“, eins og segir í greinargerð varnaraðilja. Varakrafa hans er á því reist, að sóknaraðili geti ekki krafist skipta nema með eins árs fyrirvara, sbr. 14. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Telja verður, að skiptaráðanda sé skylt að kanna fyrir útgáfu leyfis til setu í óskiptu búi, hvort fjárráða meðferingjar langlífari maka samþykki á þeim tíma, er umsóknin kemur fram, að leyfið verði veitt. Fyrir liggur, að varnaraðili sótti um leyfi til setu í óskiptu búi með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 7. september 1977, og skírskotaði þar til þess samþykkis, er sóknaraðili hafði veitt með undirritun á erfðaskrá þeirra hjónanna. Leyfið var veitt, án þess að séð verði, að afstaða sóknaraðilja þá væri könnuð frekar. Af umsókn varnaraðilja um leyfi til setu í óskiptu búi mátti ráða, að efnahagur hjónanna hafði breyst verulega til batnaðar, frá því erfðaskráin var gerð, þar til konan féll frá. Þegar af þeirri ástæðu, að sóknaraðili var ekki inntur eftir afstöðu sinni til umsóknarinnar við hinar breyttu aðstæður, ber að taka til greina kröfu hans um, að búið verði tekið til skiptameðferðar nú þegar. Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í skiptaréttarmáli þessu, er ákveðst kr. 80.000.

Ragnar Halldór Hall, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðilja, Lúthers Garðars Sigurðssonar, um, að dánarbú Svövu Klöru Hansdóttur Isebarn og félagsbú hennar

og Sigurðar Ó. K. Þorbjarnarsonar verði tekið til opinberra skipta nú þegar, er tekin til greina.

Varnaraðili, Sigurður Ó. K. Þorbjarnarson, greiði sóknaraðilja kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1980.

Nr. 190/1977. **Valur Sigurbergsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Þorsteini Þórarinssyni
(Jóhann Steinason hrl.).

Bætur vegna uppsagnar í starfi.
Fjárnámsgerð vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur áfrýjað héraðsdómi með stefnu 26. október 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. september s. á. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur áfrýjandi með framangreindri stefnu áfrýjað fjárnámsgerð, er fram fór á grundvelli hins áfrýjaða dóms 22. júní 1977, og krefst þess, að hún verði úr gildi felld.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra 29. september 1977 er einskorðað við héraðsdóminn, en tekur eigi til áður nefndrar